

2009:2 • 15. júlí 2009

Ársreikningar fyrirtækja 2006–2007

Financial accounts of enterprises 2006–2007

Samantekt Rekstrarhagnaður 23.038 fyrirtækja sem voru í rekstri bæði árin 2006 og 2007 nam 16,0% af tekjum árið 2007 en var 19,4% árið áður. Hagnaður af reglulegri starfsemi þessara fyrirtækja var 13,7% af tekjum árið 2007 og 11,7% árið 2006.

Rekstrartekjur þessara fyrirtækja hækka um 9,5% á milli árunna 2006 og 2007 en rekstrarkostnaður um 14,0%. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað lækkar því nokkuð á milli árunna en nettó fjármagnskostnaður lækkar einnig verulega og því eykst hagnaður af reglulegri starfsemi talsvert á milli ára.

Þegar litið er á afkomu allra fyrirtækja í gagnasafninu árin 2006 og 2007, hvort sem þau voru starfrækt annað árið eða bæði, er hún hlutfallslega svipuð og afkoma þeirra sem voru í rekstri bæði árin. Á árinu 2007 nam rekstrarhagnaður þeirra 15,5% af tekjum en árið áður var hann 18,8%. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 12,1% af tekjum árið 2007 og 10,8% af tekjum árið 2006.

Í yfirliti þessu eru fyrirtæki í öllum atvinnurekstri að meðtöldum fyrirtækjarekstri hins opinbera, þ.m.t. fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga sem rekin eru í hlutafélags- eða samlagsformi, þ.e. orku-, veitu- og fjölmiðlafyrirtæki. Önnur starfsemi hins opinbera er undanskilin, svo sem sjúkrahús og skólar. Starfsemi lífeyrissjóða er einnig undanskilin.

Gagnasafnið og framsetning efnis

Yfirlitið nær til ársreikninga 31.047 fyrirtækja, þ.e. lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, árið 2006 og 28.370 fyrirtækja árið 2007. Í samantektinni eru 23.038 fyrirtæki þau sömu bæði árin.

Fjöldi fyrirtækja Ástæða þess að fyrirtækin eru færri árið 2007 en árið 2006 er sú að enn vantar nokkurn fjölda fyrirtækja inn í gagnasafnið. Þetta eru fyrirtæki sem ekki hafa skilað skattframtölum í tæka tíð. Reynsla undanfarinna ára er sú að við fyrstu birtingu vantar tæp 10% af fjölda fyrirtækja sem eru með innan við 5% af heildarrekstrartekjum. Þessi fyrirtæki eru svo tekin inn í gagnasafn Hagstofunnar við aðra birtingu samhliða fyrstu tölum næsta árs og þannig koll af kolli.

Stöðluð skattframtöl rekstraraðila Meginhluti þessa efnis er unninn úr stöðluðum skattframtölum rekstraraðila (bæði lögaðila og einstaklinga). Að auki hefur Hagstofan bætt við efni frá ýmsum aðilum fyrir þær atvinnugreinar sem stöðluð skattframtöl ná ekki til.



Í fyrri uppgjörum Hagstofunnar á ársreikningum fyrirtækja hafa upplýsingar um banka, fjármálafyrirtæki og verðbréfasjóði verið fengnar frá Fjármálaeftirlitinu. Þær upplýsingar liggja nú ekki fyrir og því hefur einnig verið byggt á skattframtölum við mat á afkomu þeirra. Reynt hefur verið að fella skattframtöl þessara fyrirtækja að fyrri formi eftir því sem kostur er þannig að vaxtamunur, gengisbreytingar af eignum og skuldum og þóknarir séu skilgreindar með líkum hætti og áður. Gögn Fjármálaeftirlitsins ná einungis til þeirra aðila sem eru eftirlitsskyldir en framtölin ná til allra aðila í greininni. Með því að nota gögn úr skattframtölum en ekki frá Fjármálaeftirlitinu fjölgar því verulega fyrirtækjum sem yfirlitið nær til. Mest fjölgar fyrirtækjum í atvinnugrein 65.23.9 (önnur ótalin fjármálastarfsemi) sem eru að stærstum hluta fyrirtæki sem stunda verðbréfaviðskipti fyrir eigin reikning. Þessi fyrirtæki eru þó flest mjög smá og hafa því óveruleg áhrif á heildarstærðir.

Ársreikningar tryggingafélaga eru fengnir frá Fjármálaeftirlitinu. Tekjur þeirra eru skilgreindar sem iðgjöld að viðbættum fjármunatekjum af vátryggingastarfsemi og öðrum tekjum, sem eru óverulegar.

Gögn um almennan búrekstur koma frá Hagbjónustu landbúnaðarins en gögn um annan búrekstur koma bæði frá Hagbjónustunni og úr stöðluðum skattframtölum.

Úrtak Hagbjónustunnar nær til fárra búa í almennum búrekstri og því kemur aðeins um 25% almenns búrekstrar fram í yfirlitunum.

Tölur um raf- og hitaveitur eru að stærstum hluta byggðar á skattframtölum þeirra en upplýsingar um þær veitur sem reknar eru sem hluti af sveitarfélagi hefur Hagstofan unnið úr reikningum sveitarfélaga.

Skilgreining hugtaka

Leitast er við að fylgja framsetningu í ársreikningum fyrirtækja. Tvö hugtök skipta mestu máli:

Rekstrarhagnaður er skilgreindur sem tekjur að frádregnum rekstrargjöldum að meðtöldum afskriftum, en fyrir færslu fjáreignatekna og fjármagnsgjalda. EBIT (e. *Earning Before Interest and Tax*) þ.e. hagnaður fyrir vexti og skatta en eftir gjaldfærslu afskrifta. Þetta hugtak jafngildir rekstrarhagnaði með þeim fyrirvara að söluhagnaður eða tap er flokkað með óreglulegum tekjum hjá Hagstofunni og fellur því utan við rekstrarhagnað en telst með í EBIT.

Hagnaður af reglulegri starfsemi er rekstrarhagnaður að frádregnum fjármagnsgjöldum nettó.

Safnið nær til um 90–95% alls atvinnurekstrarins

Lætur nærri að safnið nái til um 90–95% alls atvinnurekstrar. Efnið er birt í 17 bálkum sem byggjast á atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT95, eins og verið hefur frá og með efni ársins 1998.

Efnið er sett fram með tvennum hætti:

1. Paraður samanburður fyrirtækja úr gagnasafninu en þá er átt við sömu fyrirtækin bæði árin, sjá töflur 1, 2 og 3.
2. Öll fyrirtæki í gagnasafninu, sjá töflur 4, 5 og 6.

Paraður samanburður fyrirtækja

Paraður samanburður sýnir breytingar á rekstri sömu fyrirtækja milli ára. Þessi samanburður er þeim annmörkum háður að sleppt er öllum fyrirtækjum sem ekki eru í rekstri bæði árin. Þetta getur skipt talsverðu máli á tímum mikilla breytinga vegna samruna fyrirtækja eða þá að fyrirtæki hætta rekstri. Í úrvinnslunni hefur þó

verið reynt að tengja saman fyrirtæki sem hafa verið sameinuð og með því reynt að fá fyllri samanburð á fyrirtækjum bæði árin.

Öll fyrirtæki í safninu

Auk paraðs samanburðar er einnig sýnt annað yfirlit yfir reksturinn í einstökum greinum með því að taka með öll fyrirtæki sem voru í rekstri hvort árið um sig. Þessi fyrirtæki eru jafnframt í yfirliti um paraðan samanburð. Þessi fyrirtæki verða mun fleiri og eiga því að sýna betra mat á afkomu, þ.e. hagnaði í hlutfalli við tekjur, en gefa aftur á móti ekki rétta mynd af breytingu fjárhæða milli ára hjá fyrirtækjunum því að ekki eru sömu fyrirtækin í safninu bæði árin.

Fjöldi fyrirtækja í safni og í pöruðum samanburði

Stöðluð framtöl fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri bæta til muna úrvinnslu upplýsinga úr ársreikningum fyrirtækja. Í töflu 7 (bls. 34) er yfirlit um fjölda fyrirtækja í öllu safninu sem unnið var úr, svo og fjölda fyrirtækja í pöruðum samanburði. Til samanburðar eru fjöldataölur úr úrvinnslu ársreikninga fyrir árin 2005–2006.

Helstu niðurstöður

Á árinu 2007 varð hagnaður af reglulegri starfsemi 23.038 fyrirtækja (paraður samanburður), sem voru einnig í rekstri árið 2006, 13,7% af tekjum en árið áður var hagnaður sömu fyrirtækja 11,7% af tekjum.

Á árinu 2007 varð hagnaður af reglulegri starfsemi 28.370 fyrirtækja (allra fyrirtækja í safni), 12,1% af tekjum en árið áður var hagnaður af reglulegri starfsemi 31.047 fyrirtækja 10,8% af tekjum.

Helsta skýringin á heldur betri afkomu í flestum greinum er hækkun á gengi krónunnar á árinu 2007. Árið 2007 lækkaði gengisvísitala íslensku krónunnar frá upphafi til loka árs um 4,7% (gengishækkun) en árið 2006 hafði gengisvísitalan hækkað um 23,1% (gengislækkun). Vegna hækkunar á gengi krónunnar drógust fjármagnsgjöld að fráðregnum fjáreignatekjum 22.817 fyrirtækja, annarra en orku-, fjármála- og tryggingafyrirtækja saman um 76,4 milljarða króna árið 2007. Rekstrarhagnaður sömu fyrirtækja var 27,9 milljörðum króna meiri árið 2007 en árið 2006.

Hagnaður 91 fjármálafyrirtækis af reglulegri starfsemi lækkaði um 73,8 milljarða króna á milli áranna 2006 og 2007. Hagnaður 14 tryggingafélaga af reglulegri starfsemi lækkaði um 5,0 milljarða króna milli áranna 2006 og 2007. Hagnaður af reglulegri starfsemi 116 veitufyrirtækja hækkaði hins vegar um 48,6 milljarða króna á milli áranna 2006 og 2007. Stafaði það af 45,2 milljarða króna breytingu á fjáreigna- og fjármagnsgjaldaliðum.

Samanburður á niðurstöðutölum hjá 31.047 fyrirtækjum í stærsta safni fyrirtækja árið 2006 og 28.370 fyrirtækja árið 2007 er ekki eins marktækur og paraði samanburðurinn þar sem ekki er um sömu fyrirtæki að ræða bæði árin. Hlutfallstölur eru frekar sambærilegar á milli ára.

Í töflunum hér á eftir (bls. 7–34) eru aðeins sýnd samandregin yfirlit en frekari sundurliðun þessa efnis er að finna á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is (Hagtölur→Fyrirtæki og velta→Ársreikningar fyrirtækja).

Paraður samanburður 23.038 fyrirtækja


Tafla 1 (bls. 7) sýnir hagnað sem hlutfall af tekjum í einstökum atvinnugreinabálkum. Í töflum 2 og 3 (bls. 8–19) eru sýndir samandregnir rekstrar- og efnahagsreikningar 23.038 fyrirtækja árin 2006 og 2007, skipt í 17 bálka. Helstu niðurstöður eru þessar:

Rekstrarhagnaður þessara fyrirtækja var 390,9 milljarðar króna árið 2007 en var 431,4 milljarðar króna árið 2006. Rekstrarhagnaður 22.817 fyrirtækja, þ.e. án fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja, batnaði hins vegar milli ára, þ.e. rekstrarhagnaður var 172,5 milljarðar króna árið 2007 en árið 2006 var rekstrarhagnaður 144,6 milljarðar króna.

Árið 2007 varð hagnaður þessara fyrirtækja af reglulegri starfsemi 13,7% af tekjum en árið áður var hagnaðurinn 11,7% af tekjum.

Mynd 1. Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af rekstrartekjum

Figure 1. Profit from regular operations as percentage of income




Skýringar Notes: (1) Landbúnaður *Agriculture*; (2) Fiskeldi *Fish farming*; (3) Sjávarútvegur *Fishing and fish processing*; (4) Námugróftur *Mining and quarrying*; (5) Iðnaður *Manufacturing*; (6) Stóriðja *Aluminium and Ferro-silicone plants*; (7) Veitur *Electricity and water supply*; (8) Byggingarstarfsemi *Construction*; (9) Verslun *Wholesale and retail trade*; (10) Hótel- og veitingahúsarekstur *Hotels and restaurants*; (11) Samgöngur *Transport, storage and communication*; (12) Innlánsstofnanir *Financial institutions*; (13) Tryggingastarfsemi *Insurance*; (14) Þjónusta *Service*; (15) Alls *Total*.

Hagnaður annarra fyrirtækja en fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja af reglulegri starfsemi var 5,0% af tekjum árið 2007 en árið áður var tapið 0,2% af tekjum.

Tekjuskattur fyrirtækja í pöruðum samanburði hækkaði um 40,8 milljarða króna á milli ára. Þessi mikla hækkun á árinu 2007 stafar af því að hjá orkufyrirtækjum myndaðist skattinneign á árinu 2006 sem kom þá til frádráttar. Það er í samræmi við lög nr. 50 frá árinu 2005 en þá urðu orkufyrirtækin tekjuskattsskyld frá og með 1. janúar 2006. Tekjuskattur annarra fyrirtækja en fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja hækkaði hins vegar um 11,0 milljarða króna.

Mynd 2. Eiginfjárlutfall 2006 og 2007

Figure 2. Equity ratio 2006 and 2007



Skýringar Notes: Sjá skýringar við mynd 1. See notes below figure 1.

Eiginfjárlutfall fyrirtækja í pöruðum samanburði lækkaði aðeins á milli ára, var 24,5% árið 2006 og fór í 21,0% árið 2007. Ef fjármála-, trygginga- og orkufyrirtæki eru undanskilin lækkaði eiginfjárlutfall 22.817 fyrirtækja í pöruðum samanburði úr 39,4% árið 2006 í 38,0% árið 2007.

Öll fyrirtæki í safni

Tafla 4 (bls. 21) sýnir hagnað sem hlutfall af tekjum í einstökum atvinnugreinabálkum í öllu safninu. Í töflum 5 og 6 (bls. 22–33) eru sýndir samandregnir rekstrar- og efnahagsreikningar allra fyrirtækja sem koma inn í gagnasafnið annað árið eða bæði. Alls er um að ræða 28.370 fyrirtæki árið 2007 en 31.047 fyrirtæki árið 2006, skipt í 17 bálka. Helstu niðurstöður eru þessar:

Rekstrarhagnaður 28.370 fyrirtækja árið 2007 var 392,2 milljarðar króna en árið 2006 var rekstrarhagnaður 31.047 fyrirtækja 457,2 milljarðar króna. Ef fjármála-, trygginga- og orkufyrirtæki eru undanskilin var rekstrarhagnaður 28.124 fyrirtækja árið 2007 171,2 milljarðar króna en rekstrarhagnaður 30.791 fyrirtækis árið 2006 var 159,1 milljarðar króna.

Á árinu 2007 varð hagnaður þessara fyrirtækja af reglulegri starfsemi 12,1% af tekjum en árið áður var hagnaðurinn 10,8% af tekjum. Hlutfall hagnaðar af tekjum allra fyrirtækja er svipaður og fyrirtækja í pöruðum samanburði.

Tekjuskattur þessara fyrirtækja hækkar um 36,7 milljarða króna frá 2006 til 2007. Ef fjármála-, trygginga- og orkufyrirtæki eru undanskilin hækkar hann um 8,9 milljarða króna milli ára. Þar sem ekki er um sömu fyrirtæki í safninu að ræða verður ekki lagt frekar mat á þróun í skattgreiðslum.

Erfitt er að meta þróun eiginfjár þessara fyrirtækja en eiginfjárlutfallið lækkar aðeins milli ára, það er 25,1% árið 2006 og fer í 22,1% árið 2007. Ef fjármála-, trygginga- og orkufyrirtæki eru undanskilin lækkar eiginfjárlutfall þessara fyrirtækja úr 39,5% í 37,9%.

English summary

Operating profit, EBIT, of 23,038 enterprises in all activities in 2007 was 16.0% of revenue compared with 19.4% the year before. These are among the main results from an annual compilation of financial accounts of enterprises undertaken by Statistics Iceland. The data is derived from the Enterprise Accounts Register. From 1997 onwards it has been compulsory for incorporated enterprises and private business entities to return standardised annual accounts to the tax authorities. Some activities are exempt from submitting the standardised form, like financial institutions and public utilities. In such cases, Statistics Iceland has added these activities to the Register. The total coverage of the Register is very high, exceeding 90–95% of the total industrial activity in recent years. The compilation includes 28,370 enterprises 2007 and 31,047 enterprises 2006. Financial accounts for 23,038 enterprises were available in both years and compiled as a paired comparison. Further breakdowns by activities, comparable with NACE 5 digit level, are available on the website of Statistics Iceland, www.statice.is.

Tafla 1. Hagnaður í hlutfalli við tekjur 2006 og 2007, paraður samanburður*Table 1. Profit as percentage of income 2006 and 2007, paired enterprises*

Hlutfall <i>Percent</i> Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i> 23.038		Hagnaður af reglulegri starfsemi <i>Profit from regular operation</i>		Hagnaður eftir tekjuskatt <i>Profit after income tax</i>	
		2006	2007	2006	2007
Alls <i>Total</i>		11,7	13,7	13,1	14,8
Alls án fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja <i>Total excluding financial institutions, electricity and water supply</i>		-0,2	5,0	1,9	8,0
A	Landbúnaður <i>Agriculture</i>	-2,9	0,7	-1,8	4,6
B	Fiskeldi 05.02.2 <i>Fish farming 05.02.2</i>	-4,9	-26,7	-8,1	-25,7
B	Veiðar og vinnsla sjávarafurða með 15.2 og án 05.02.2 <i>Fishing and fish processing including 15.2 and excluding 05.02.2</i>	-7,8	11,6	-5,4	11,8
CB	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	15,5	14,4	16,4	13,1
D	Iðnaður án 15.2, 27.35 og 27.42 <i>Manufacturing excl. 15.2, 27.35 and 27.42</i>	3,4	4,8	4,6	4,8
D	Stóriðja 27.35 og 27.42 <i>Aluminium and Ferro-silicone plants 27.35 and 27.42</i>	21,8	21,4	17,9	17,5
E	Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	-36,5	36,9	8,5	20,3
F	Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	6,2	8,1	6,2	9,7
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade</i>	-0,5	1,0	0,1	1,3
H	Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	-4,0	0,9	-1,8	3,3
I	Samgöngur, fjarskipti og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>	-3,5	1,7	-2,7	1,5
J	Innlánsstofnanir og önnur fjármálafyrirtæki <i>Financial institutions</i>	76,5	61,6	66,8	52,2
J	Tryggingafélög <i>Insurance</i>	51,7	34,4	54,9	51,4
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate, renting and business activities</i>	-8,5	7,3	5,7	30,8
M	Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	7,2	9,4	6,3	8,5
N	Heilbrigðisþjónusta <i>Health and social work</i>	14,5	16,9	12,4	14,2
O	Önnur samfélagsþjónusta, félaga- og menningarstarfsemi o.fl. <i>Other community, social and personal service activities</i>	0,8	1,8	0,5	1,9
	Ótilgreind starfsemi <i>Unspecified activities</i>	10,3	11,9	8,1	10,8

Tafla 2. Samandregin rekstraryfirlit 2006 og 2007, paraður samanburður*Table 2. Operating accounts 2006 and 2007, paired enterprises*Milljónir króna *Million ISK*

	A 01 Landbúnaður <i>Agriculture</i>		B 05 Fiskeldi 05.02.2 <i>Fish farming</i> 05.02.2	
	2006	2007	2006	2007
Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	398		34	
1. Rekstrartekjur <i>Revenues</i>	10.273,4	11.420,0	2.891,2	1.894,1
1.1 Tekjur <i>Income</i>	10.096,0	11.218,1	3.024,0	1.923,9
1.2 Birgðabreytingar fullunninna vara <i>Changes in stocks of finished goods</i>	177,4	201,9	-132,8	-29,8
2. Rekstrargjöld <i>Operating costs</i>	9.017,9	10.200,6	2.606,8	2.318,0
2.1 Hráefnanotkun <i>Use of raw materials</i>	2.393,6	3.037,6	222,4	-97,4
2.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees and owners income</i>	2.053,9	2.306,7	556,3	633,7
2.3 Önnur rekstrargjöld <i>Other operating costs</i>	3.363,7	3.508,4	1.630,2	1.616,8
2.4 Afskriftir <i>Depreciation of fixed capital</i>	1.206,8	1.347,9	197,8	164,9
3. Rekstrarhagnaður <i>Operating profit, EBIT</i>	1.255,5	1.219,4	284,4	-424,0
4. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld <i>Financial income and expenses</i>	-1.555,4	-1.139,1	-427,4	-81,8
5. Hagnaður af reglulegri starfsemi <i>Profit from regular operation</i>	-299,9	80,3	-143,0	-505,7
6. Óreglulegar tekjur og gjöld <i>Extraordinary income and costs</i>	116,5	446,4	-58,7	-10,9
7. Hreinn hagnaður fyrir tekjuskatt <i>Net profit before income tax</i>	-183,4	526,7	-201,7	-516,6
8. Tekjuskattur <i>Income tax</i>	–	–	31,1	-30,6
9. Afkomustærðir, % af tekjum <i>Profit indicators, % of revenues</i>				
9.1 Hráefnisnotkun <i>Use of raw materials</i>	23,3	26,6	7,7	-5,1
9.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees and owners income</i>	20,0	20,2	19,2	33,5
9.3 Önnur rekstrargjöld <i>Other operating costs</i>	32,7	30,7	56,4	85,4
9.4 Afskriftir <i>Depreciation of fixed capital</i>	11,7	11,8	6,8	8,7
9.5 Rekstrarhagnaður <i>Operating profit, EBIT</i>	12,2	10,7	9,8	-22,4
9.6 Hagnaður af reglulegri starfsemi <i>Profit from regular operating</i>	-2,9	0,7	-4,9	-26,7

B		CB		D		D		E	
Veiðar og vinnsla sjávarafurða með 15.2		Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu		Iðnaður án 15.2, 27.35 og 27.42		Stóriðja 27.35 og 27.42		Veitur	
Fishing and fish processing		Mining and quarrying		Manufacturing excluding 15.2, 27.35 and 27.42		Aluminium and Ferro-silicone plants 27.35 and 27.42		Electricity and water supply	
incl. 15.2, excl. 05.02.2									
2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
906		19		1.682		3		116	
161.846,7	167.404,4	2.616,5	2.619,8	204.140,2	220.596,8	60.792,4	72.601,1	62.749,8	69.505,4
160.821,5	165.602,7	2.619,1	2.617,8	202.923,4	220.049,8	59.985,9	72.243,4	62.749,8	69.505,4
1.025,2	1.801,7	-2,5	2,0	1.216,8	547,0	806,4	357,7	–	–
142.271,4	150.611,5	2.258,6	2.253,7	190.983,9	207.132,3	46.589,2	55.691,9	45.957,5	49.314,9
50.303,4	57.172,1	336,6	302,1	90.512,6	91.428,6	18.503,9	25.316,5	15.774,9	16.630,8
41.319,9	45.251,8	592,4	744,5	54.135,1	60.741,1	5.415,6	6.730,2	10.598,0	10.788,0
40.722,5	38.148,4	1.206,4	956,4	38.532,4	46.862,3	19.633,4	20.192,6	6.636,3	8.110,3
9.925,6	10.039,1	123,2	250,8	7.803,7	8.100,3	3.036,3	3.452,7	12.948,3	13.785,7
19.575,3	16.792,9	358,0	366,1	13.156,4	13.464,5	14.203,1	16.909,2	16.792,3	20.190,5
-32.122,5	2.691,6	46,9	11,0	-6.306,5	-2.951,3	-930,5	-1.363,3	-39.722,8	5.443,8
-12.547,2	19.484,6	404,8	377,1	6.849,8	10.513,3	13.272,6	15.545,9	-22.930,5	25.634,3
2.743,2	4.467,5	128,5	48,7	4.613,2	2.273,7	-41,7	-18,7	652,0	1.541,2
-9.804,0	23.952,1	533,4	425,8	11.463,1	12.787,0	13.230,9	15.527,2	-22.278,4	27.175,6
-1.056,0	4.133,0	104,3	83,6	2.030,4	2.144,7	2.376,9	2.793,1	-27.592,0	13.098,4
31,1	34,2	12,9	11,5	44,3	41,4	30,4	34,9	25,1	23,9
25,5	27,0	22,6	28,4	26,5	27,5	8,9	9,3	16,9	15,5
25,2	22,8	46,1	36,5	18,9	21,2	32,3	27,8	10,6	11,7
6,1	6,0	4,7	9,6	3,8	3,7	5,0	4,8	20,6	19,8
12,1	10,0	13,7	14,0	6,4	6,1	23,4	23,3	26,8	29,0
-7,8	11,6	15,5	14,4	3,4	4,8	21,8	21,4	-36,5	36,9

Tafla 2. Samandregin rekstraryfirlit 2006 og 2007, paraður samanburður (frh.)

Table 2. Operating accounts 2006 and 2007, paired enterprises (cont.)

Milljónir króna Million ISK

	F		G	
	Byggingar- starfsemi <i>Construction</i>		Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade</i>	
	2006	2007	2006	2007
Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	3.442		2.735	
1. Rekstrartekjur <i>Revenues</i>	221.299,6	261.251,7	602.542,7	676.697,0
1.1 Tekjur <i>Income</i>	222.770,4	260.088,7	600.740,2	676.630,5
1.2 Birgðabreytingar fullunninna vara <i>Changes in stocks of finished goods</i>	-1.470,8	1.163,1	1.802,5	66,5
2. Rekstrargjöld <i>Operating costs</i>	196.311,9	233.156,8	581.026,6	650.524,2
2.1 Hráefnanotkun <i>Use of raw materials</i>	80.799,3	103.721,6	461.555,9	511.972,4
2.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees and owners income</i>	58.334,6	67.094,1	66.609,1	77.939,8
2.3 Önnur rekstrargjöld <i>Other operating costs</i>	51.270,2	55.491,5	45.276,6	51.607,2
2.4 Afskriftir <i>Depreciation of fixed capital</i>	5.907,8	6.849,6	7.585,1	9.004,7
3. Rekstrarhagnaður <i>Operating profit, EBIT</i>	24.987,7	28.094,9	21.516,1	26.172,8
4. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld <i>Financial income and expenses</i>	-11.213,8	-7.046,9	-24.817,6	-19.313,6
5. Hagnaður af reglulegri starfsemi <i>Profit from regular operation</i>	13.773,9	21.048,0	-3.301,5	6.859,2
6. Óreglulegar tekjur og gjöld <i>Extraordinary income and costs</i>	3.192,1	8.423,6	3.142,3	4.698,8
7. Hreinn hagnaður fyrir tekjuskatt <i>Net profit before income tax</i>	16.966,0	29.471,6	-159,3	11.558,0
8. Tekjuskattur <i>Income tax</i>	3.264,0	4.236,4	-819,3	2.438,9
9. Afkomustærðir, % af tekjum <i>Profit indicators, % of revenues</i>				
9.1 Hráefnisnotkun <i>Use of raw materials</i>	36,5	39,7	76,6	75,7
9.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees and owners income</i>	26,4	25,7	11,1	11,5
9.3 Önnur rekstrargjöld <i>Other operating costs</i>	23,2	21,2	7,5	7,6
9.4 Afskriftir <i>Depreciation of fixed capital</i>	2,7	2,6	1,3	1,3
9.5 Rekstrarhagnaður <i>Operating profit, EBIT</i>	11,3	10,8	3,6	3,9
9.6 Hagnaður af reglulegri starfsemi <i>Profit from regular operating</i>	6,2	8,1	-0,5	1,0

H		I		J		J		K	
Hótel- og veitingahúsa- rekstur <i>Hotels and restaurants</i>		Samgöngur, fjarskipti og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>		Innlánsstofnanir og önnur fjármálafyrirtæki <i>Financial institutions</i>		Trygginga-félög <i>Insurance</i>		Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate, renting and business activities</i>	
2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
594		1.601		91		14		5.853	
34.043,6	40.223,3	226.738,5	248.085,3	350.527,3	315.731,6	36.315,3	40.012,7	187.669,9	236.361,7
34.044,8	40.225,1	226.738,5	248.083,7	350.527,3	315.731,6	36.315,3	40.012,7	187.775,5	236.291,4
-1,2	-1,7	–	1,6	–	–	–	–	-105,6	70,3
32.894,9	37.926,3	217.330,2	234.812,2	82.202,5	121.248,5	34.679,7	36.250,0	156.334,9	190.544,5
10.866,6	12.323,3	22.741,8	22.886,7	–	–	–	–	26.838,5	44.911,4
11.059,0	13.035,4	45.673,8	50.669,5	41.860,9	61.989,0	5.000,5	5.500,6	56.520,7	67.299,2
9.557,8	10.979,1	134.810,5	145.768,7	37.823,6	55.587,1	29.303,1	30.335,7	60.513,9	65.776,4
1.411,6	1.588,5	14.104,1	15.487,3	2.518,0	3.672,4	376,1	413,7	12.461,8	12.557,5
1.148,7	2.297,0	9.408,3	13.273,1	268.324,9	194.483,1	1.635,6	3.762,7	31.335,1	45.817,2
-2.507,7	-1.916,8	-17.245,2	-9.173,0	–	–	17.127,6	9.999,7	-47.194,5	-28.453,0
-1.359,0	380,2	-7.836,9	4.100,1	268.324,9	194.483,1	18.763,1	13.762,5	-15.859,4	17.364,2
822,3	1.256,5	975,5	559,7	-13.961,8	-14.765,2	-8,1	–	25.912,6	53.943,4
-536,7	1.636,7	-6.861,4	4.659,8	254.363,0	179.717,9	18.755,0	13.762,5	10.053,2	71.307,5
81,6	291,1	-627,2	1.059,2	20.281,1	14.999,2	-1.190,8	-6.804,4	-632,4	-1.565,8
31,9	30,6	10,0	9,2	–	–	–	–	14,3	19,0
32,5	32,4	20,1	20,4	11,9	19,6	13,8	13,7	30,1	28,5
28,1	27,3	59,5	58,8	10,8	17,6	80,7	75,8	32,2	27,8
4,1	3,9	6,2	6,2	0,7	1,2	1,0	1,0	6,6	5,3
3,4	5,7	4,1	5,4	76,5	61,6	4,5	9,4	16,7	19,4
-4,0	0,9	-3,5	1,7	76,5	61,6	51,7	34,4	-8,5	7,3

Tafla 2. Samandregin rekstraryfirlit 2006 og 2007, paraður samanburður (frh.)

Table 2. Operating accounts 2006 and 2007, paired enterprises (cont.)

Milljónir króna Million ISK

	M Fræðslu- starfsemi Education		N Heilbrigðis- þjónusta Health and social work	
	2006	2007	2006	2007
Fjöldi fyrirtækja Number of enterprises	516		1.863	
1. Rekstrartekjur Revenues	3.015,7	3.727,5	21.303,3	24.590,5
1.1 Tekjur Income	3.016,2	3.727,9	21.303,3	24.590,4
1.2 Birgðabreytingar fullunninna vara Changes in stocks of finished goods	-0,5	-0,4	–	0,1
2. Rekstrargjöld Operating costs	2.757,8	3.337,4	17.635,6	20.034,8
2.1 Hráefnanotkun Use of raw materials	380,9	567,4	2.612,7	2.894,3
2.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld Compensation of employees and owners income	1.120,8	1.311,6	8.442,2	9.755,5
2.3 Önnur rekstrargjöld Other operating costs	1.157,2	1.344,2	5.934,6	6.696,7
2.4 Afskriftir Depreciation of fixed capital	98,9	114,2	646,2	688,3
3. Rekstrarhagnaður Operating profit, EBIT	258,0	390,2	3.667,7	4.555,7
4. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld Financial income and expenses	-42,3	-39,2	-576,1	-401,9
5. Hagnaður af reglulegri starfsemi Profit from regular operation	215,6	351,0	3.091,6	4.153,8
6. Óreglulegar tekjur og gjöld Extraordinary income and costs	-3,0	8,7	127,7	54,3
7. Hreinn hagnaður fyrir tekjuskatt Net profit before income tax	212,6	359,7	3.219,3	4.208,1
8. Tekjuskattur Income tax	23,1	42,5	579,9	708,9
9. Afkomustærðir, % af tekjum Profit indicators, % of revenues				
9.1 Hráefnisnotkun Use of raw materials	12,6	15,2	12,3	11,8
9.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld Compensation of employees and owners income	37,2	35,2	39,6	39,7
9.3 Önnur rekstrargjöld Other operating costs	38,4	36,1	27,9	27,2
9.4 Afskriftir Depreciation of fixed capital	3,3	3,1	3,0	2,8
9.5 Rekstrarhagnaður Operating profit, EBIT	8,6	10,5	17,2	18,5
9.6 Hagnaður af reglulegri starfsemi Profit from regular operating	7,2	9,4	14,5	16,9

O						Alls án fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja <i>Total excluding financial, insurance, electricity and water supply</i>	
Önnur samfélags- þjónusta, félaga- starfsemi, menningar- starfsemi o.fl. <i>Other community, social and personal service activities</i>		Ótilgreind starfsemi <i>Unspecified activities</i>		Alls <i>Total</i>			
2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
2.810		361		23.038		22.817	
34.714,8	39.880,4	5.510,2	8.119,5	2.228.991,3	2.440.722,9	1.779.398,8	2.015.473,2
34.693,1	39.886,1	5.510,2	8.119,5	2.225.654,5	2.436.548,8	1.776.062,1	2.011.299,0
21,7	-5,7	–	–	3.336,7	4.174,2	3.336,7	4.174,2
32.161,5	37.722,6	4.596,0	6.711,5	1.797.616,8	2.049.791,7	1.634.777,2	1.842.978,3
5.010,4	5.501,1	1.500,5	1.836,8	790.354,0	900.405,4	774.579,0	883.774,6
11.360,0	13.459,9	1.266,8	1.837,4	421.919,6	497.087,9	364.460,2	418.810,3
13.971,8	16.660,5	1.540,9	2.632,5	502.884,9	562.274,9	429.122,0	468.241,7
1.819,4	2.101,1	287,8	404,8	82.458,4	90.023,6	66.616,0	72.151,7
2.553,3	2.157,8	914,2	1.408,0	431.374,4	390.931,2	144.621,7	172.494,8
-2.284,0	-1.459,9	-346,4	-439,5	-170.118,3	-55.632,9	-147.523,1	-71.076,5
269,3	697,9	567,8	968,6	261.256,1	335.298,3	-2.901,4	101.418,4
103,6	254,0	31,8	85,8	28.488,0	63.267,5	41.805,9	76.491,5
372,9	951,9	599,7	1.054,4	289.744,1	398.565,8	38.904,5	177.909,8
183,9	197,5	150,8	181,1	-2.810,6	38.006,6	5.691,1	16.713,4
14,4	13,8	27,2	22,6	35,5	36,9	43,5	43,8
32,7	33,8	23,0	22,6	18,9	20,4	20,5	20,8
40,2	41,8	28,0	32,4	22,6	23,0	24,1	23,2
5,2	5,3	5,2	5,0	3,7	3,7	3,7	3,6
7,4	5,4	16,6	17,3	19,4	16,0	8,1	8,6
0,8	1,8	10,3	11,9	11,7	13,7	-0,2	5,0

Tafla 3. Samandregin efnahagsyfirlit 2006 og 2007, paraður samanburður*Table 3. Balance sheet 2006 and 2007, paired enterprises*Milljónir króna *Million ISK*

	A 01 Landbúnaður <i>Agriculture</i>		B 05 Fiskeldi 05.02.2 <i>Fish farming</i> 05.02.2	
	2006	2007	2006	2007
Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	398		34	
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	2.877,3	3.035,2	1.944,2	2.174,8
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	473,2	630,3	102,5	55,2
1.2 Viðskiptakröfur og víxlar <i>Receivables and drafts</i>	1.913,8	1.704,2	359,3	312,8
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	421,8	640,8	1.436,9	1.806,1
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	68,5	59,9	45,4	0,8
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	12.566,9	13.574,0	2.312,2	2.467,5
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long-term claims</i>	844,3	1.200,0	827,0	968,0
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipment</i>	8.714,5	9.621,1	1.470,3	1.484,6
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	3.008,1	2.752,9	15,0	15,0
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	15.444,2	16.609,2	4.256,4	4.642,3
4. Skuldir <i>Debts</i>	14.928,4	16.137,8	3.324,6	4.095,4
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	3.591,4	4.057,0	1.281,9	554,7
4.2 Langtímaskuldir <i>Long-term liabilities</i>	11.337,0	12.080,8	2.042,8	3.540,8
5. Eigið fé <i>Equity</i>	515,8	471,3	931,8	546,9
5.1 Hlutfé <i>Capital stock</i>	—	—	1.986,8	2.135,8
5.2 Annað eigið fé <i>Retained earnings and reserves</i>	515,8	471,3	-1.055,0	-1.588,9
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	0,80	0,75	1,52	3,92
7. Eiginfjárhlutfall, % <i>Equity ratio, %</i>	3,3	2,8	21,9	11,8

B		CB		D		D		E	
Veiðar og vinnsla sjávarafurða með 15.2 án 05.02.2		Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu		Iðnaður án 15.2, 27.35 og 27.42		Stóriðja 27.35 og 27.42		Veitur	
<i>Fishing and fish processing</i>		<i>Mining and quarrying</i>		<i>Manufacturing excluding 15.2, 27.35 and 27.42</i>		<i>Aluminium and Ferro-silicone plants 27.35 and 27.42</i>		<i>Electricity and water supply</i>	
incl. 15.2, excl. 05.02.2									
2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
906		19		1.682		3		116	
53.165,8	70.919,3	1.332,6	1.998,8	76.440,3	78.655,8	19.317,5	25.988,7	23.751,9	43.133,8
14.893,6	25.133,6	222,7	214,2	13.938,1	12.932,0	959,5	12.964,9	5.076,5	12.543,4
20.651,5	20.962,9	709,5	598,2	36.763,2	36.480,7	11.388,9	5.653,9	12.549,4	14.236,6
13.047,1	13.967,5	383,7	718,6	22.575,3	25.638,8	6.964,5	7.369,9	2.107,0	2.437,7
4.573,7	10.855,2	16,6	467,8	3.163,7	3.604,4	4,6	–	4.018,9	13.916,1
250.962,7	298.544,7	1.798,0	1.763,2	158.712,1	183.802,8	75.044,9	69.766,2	477.335,0	598.393,1
48.960,6	69.465,0	558,6	320,5	78.683,2	93.292,4	6.536,0	38.052,6	65.645,5	124.059,1
78.905,8	75.617,7	1.184,1	1.294,8	62.617,2	71.204,4	68.146,0	31.713,6	408.965,4	466.827,1
123.096,2	153.462,0	55,4	148,0	17.411,7	19.306,0	362,9	–	2.724,2	7.506,9
304.128,5	369.464,0	3.130,6	3.762,1	235.152,3	262.458,7	94.362,4	95.754,8	501.086,9	641.526,9
234.856,4	276.760,9	1.474,1	2.107,9	142.997,0	144.781,8	42.444,5	36.947,6	325.515,3	404.599,8
50.417,8	62.964,4	1.004,9	1.285,0	65.790,6	64.724,2	10.724,0	12.593,0	33.687,3	61.346,4
184.438,6	213.796,4	469,2	822,9	77.206,4	80.057,6	31.720,5	24.354,6	291.828,0	343.253,5
69.272,1	92.703,1	1.656,5	1.654,2	92.155,3	117.676,9	51.917,8	58.807,2	175.571,6	236.927,1
17.860,4	17.953,5	301,9	328,6	21.310,4	22.560,5	18.792,2	21.843,9	59.570,0	61.175,9
51.411,7	74.749,6	1.354,6	1.325,5	70.844,9	95.116,4	33.125,6	36.963,3	116.001,7	175.751,2
1,05	1,13	1,33	1,56	1,16	1,22	1,80	2,06	0,71	0,70
22,8	25,1	52,9	44,0	39,2	44,8	55,0	61,4	35,0	36,9

Tafla 3. Samandregin efnahagsyfirlit 2006 og 2007, paraður samanburður (frh.)

Table 3. Balance sheet 2006 and 2007, paired enterprises (cont.)

Milljónir króna Million ISK

	F Byggingar- starfsemi <i>Construction</i>		G Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade</i>	
	2006	2007	2006	2007
Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	3.442		2.735	
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	118.696,5	145.479,3	185.503,8	209.494,3
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	16.460,3	19.245,8	17.691,2	26.402,7
1.2 Viðskiptakröfur og víxlar <i>Receivables and drafts</i>	46.770,5	60.412,8	80.382,4	83.745,6
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	48.717,9	52.306,8	80.834,9	93.630,0
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	6.747,9	13.514,0	6.595,3	5.715,9
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	75.085,4	89.705,9	496.863,5	543.851,8
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long-term claims</i>	23.319,3	31.097,0	371.135,5	397.643,0
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipment</i>	51.113,1	58.174,2	59.100,7	65.353,1
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	652,9	434,7	66.627,3	80.855,8
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	193.782,0	235.185,2	682.367,2	753.346,1
4. Skuldir <i>Debts</i>	153.556,1	177.629,3	420.220,1	535.772,6
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	97.537,0	96.112,6	167.198,5	183.144,6
4.2 Langtímaskuldir <i>Long-term liabilities</i>	56.019,1	81.516,7	253.021,6	352.628,1
5. Eigið fé <i>Equity</i>	40.225,8	57.555,9	262.147,1	217.573,5
5.1 Hlutfé <i>Capital stock</i>	4.616,2	4.739,8	39.584,3	40.893,8
5.2 Annað eigið fé <i>Retained earnings and reserves</i>	35.609,6	52.816,1	222.562,8	176.679,7
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	1,22	1,51	1,11	1,14
7. Eiginfjárhlutfall, % <i>Equity ratio, %</i>	20,8	24,5	38,4	28,9

H		I		J		J		K	
Hótel- og veitingahúsa- rekstur <i>Hotels and restaurants</i>		Samgöngur, fjarskipti og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>		Innlánsstofnanir og önnur fjármálafyrirtæki <i>Financial institutions</i>		Trygginga-félög <i>Insurance</i>		Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate, renting and business activities</i>	
2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
594		1.601		91		14		5.853	
6.818,0	8.435,3	55.588,5	62.305,9	1.648.483,1	2.401.293,0	26.221,7	31.052,0	371.874,9	573.575,9
1.772,5	2.333,1	17.895,5	12.453,5	519.573,2	816.562,3	10.630,1	18.732,2	124.469,5	206.603,6
4.102,9	4.702,8	30.332,2	43.459,1	220.135,6	302.661,0	15.385,6	12.282,7	95.755,0	109.787,2
519,3	554,8	2.922,3	2.964,4	—	—	—	—	7.223,6	6.448,3
423,3	844,7	4.438,4	3.428,8	908.774,3	1.282.069,7	206,0	37,2	144.426,8	250.736,8
18.940,6	21.291,6	296.550,6	297.820,3	5.730.096,4	7.724.693,9	130.703,8	113.412,6	1.629.760,3	1.823.947,0
2.096,8	2.749,6	133.748,7	109.084,9	5.691.335,5	7.675.291,1	128.711,9	111.504,5	1.233.303,4	1.308.929,3
16.367,2	17.997,1	91.289,4	104.350,5	16.426,2	23.975,5	1.376,1	1.187,6	372.822,1	489.821,8
476,6	544,9	71.512,5	84.384,9	22.334,8	25.427,3	615,8	720,5	23.634,8	25.195,9
25.758,6	29.726,9	352.139,1	360.126,1	7.378.579,5	10.125.986,9	156.925,5	144.464,6	2.001.635,1	2.397.522,9
25.214,3	28.022,1	219.951,8	250.938,1	6.235.280,4	8.902.567,7	96.031,2	93.547,4	1.104.272,7	1.322.907,4
9.529,7	9.804,6	70.745,8	67.299,9	1.460.488,8	1.511.905,4	23.691,7	26.281,2	229.269,9	383.889,6
15.684,6	18.217,5	149.206,0	183.638,2	4.774.791,6	7.390.662,3	72.339,5	67.266,2	875.002,9	939.017,8
544,4	1.704,9	132.187,4	109.188,0	1.143.299,1	1.223.419,2	60.894,3	50.917,2	897.362,4	1.074.615,4
2.779,4	2.861,8	63.569,0	38.333,6	339.428,7	345.827,1	4.074,4	5.928,7	388.574,5	418.457,6
-2.235,0	-1.156,9	68.618,3	70.854,4	803.870,3	877.592,1	56.819,9	44.988,5	508.787,9	656.157,9
0,72	0,86	0,79	0,93	1,13	1,59	1,11	1,18	1,62	1,49
2,1	5,7	37,5	30,3	15,5	12,1	38,8	35,2	44,8	44,8

Tafla 3. Samandregin efnahagsyfirlit 2006 og 2007, paraður samanburður (frh.)

